



Akvalin Grundfärg

Vörunr. 6215

Lýsing

Akvalin Grundfärg (6215) er vatnsþynnanlegur akrýlfjölliðu grunnur á veggi fyrir bæ. Grunnurinn myndar slétta og harða filmu, þannig að yfirborðið verður ekki eins sjúgandi. Akvalin Grundfärg er því frábært undirlag fyrir vatnsþynnt bæsefni og tryggir að eiginleikar þeirra nýtist sem best.

Notkun

Akvalin Grundfärg (6215) hentar á flestar gerðir yfirborða innanhúss. Grunnurinn hentar vel undir Akvalin Möbellasyr (6211) og Akvalin Vägglasyr (6214).

Tæknilegar upplýsingar

Litir: NCS kerfi	Eðlisþyngd: 1,3 kg/l
Gljástig: 7 - Matt	Þynnir: Vatn
Pakkningar: 1 og 4 lítra	Áhaldahreinsir: Vatn
Efnisnotkun: 8 m ² /l	Þurrktími: 30 mín

Undirmálun

Ekki þarf að grunna sérstaklega undir Akvalin Grundfärg.

Yfirmálun

Bæsið yfir með Akvalin Möbellasyr (6211) og Akvalin Vägglasyr (6214).

Yfirmálunartími:	Lágmark
Akvalin Grundfärg (6215)	4 klst
Akvalin lasyr (6211) og (6214)	12 klst

Áhöld

Pensill, rúlla eða sprauta.

Vinnutilhögun

Steypa, pússning, gífsplötur og áður málaðir fletir: Þrifið flötinn með Málningarhreinsi (6208) og skolið vel með vatni. Rúllið tvær umferðir af **Akvalin Grundfärg** (6215) með perlonrúllu og látið 4 tíma líða á milli umferða. Berið síðan bæsið á, samkvæmt þeim leiðbeiningum sem því fylgja.

Athugasemdir

- Hrærið vel fyrir notkun.
- Notið Gullspack spartl við spörtlun og ílögn.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Akvalin Grundfärg** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auguska skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.